

Nefndasvið Alþingis
B.t. Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. desember 2010

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 186. mál.

I. Almenn

Vísað er til erindis háttvirtrar Umhverfisstofndar Alþingis dagsett 24. nóvember 2010 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 186. mál.

Félag atvinnurekenda tekur eingöngu afstöðu til þess hluta frumvarpsins sem snýr að raf- og rafeindatækjum.

Félag atvinnurekenda telur að í umræddu frumvarpi sé margt fært til betri vegar. Það er hins vegar skoðun félagsins að eðilegast sé að ganga enn lengra og fela Úrvinnslusjóði víðtækara hlutverk. Þannig mætti ná fram ítrustu hagkvæmni og skilvirkni hvað varðar umsjón framleiðendaábyrgðar og ráðstöfun raf- og rafeindatækjaúrgangs. Afstaða FA er nánar reifuð að neðan.

II. Ábendingar

A) HAGKVÆMAST AÐ FELA ÚRVINNSLUSJÓÐI VÍÐTÆKARA HLUTVERK

Þegar núgildandi lög um ráðstöfun raf- og rafeindatækjaúrgangs voru samþykkt vorlð 2008 var það eindreginn vilji innflytjenda slíks búnaðar að verkefnið í heild félli undir Úrvinnslusjóði. Með því væri kostnaður lágmarkaður, málið væri í höndum aðila sem hefðu reynslu af ráðstöfun úrgangs, jöfnun ríkti þar sem endurvinnslugjöld væru greidd við tollafgreiðslu af öllum innflytjendum og kæmu jafnframt strax inn í verðútreikninga innflytjenda sem hluti af kostnaðarverði vöru.

Félag atvinnurekenda telur ofangreindar röksemdir enn eiga við og leggur því til að umsjón framleiðendaábyrgðar og ráðstöfun raf- og rafeindatækjaúrgangs verði felld alfarið undir Úrvinnslusjóði.

B) ATHUGASEMDIR VIÐ EINSTAKAR GREINAR FRUMVARPSINS


Hér að neðan eru athugasemdir FA við einstakar greinar frumvarpsins, verði það vilji löggjafans að samþykkja það í lítið breyttri mynd. FA ítrekar að í lið A) er rakið meginsjónarmið félagsins til málsins.

- 1) FA telur nauðsynlegt að fulltrúi félagsins sitji í stjórn Úrvinnslusjóðs eftir að stýrinefnd hefur verið aflögð, enda eru margir stærstu Innflytjendur raf- og rafeindatækja aðilar að félaginu. Því ber að fagna því að gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að FA tlinefni aðila í stjórn sjóðsins.
- 2) Mikilvægt er að koma í veg fyrir fríþegavandamál (e. free rider problem) þegar kostnaður er lagður á Innflytjendur vegna förgunar. Þess vegna ber að fagna ákvæðum um skylduaðild (11.gr.) að skilakerfum og að aðild sé forsenda tollafgreiðslu. Á hinn bóginn er mikilvægt að huga að skilvirkri úrlausn þannig að tollafgreiðslur tefjist ekki umfram það sem eðlilegt getur talist.
- 3) Tekið er á kostnaðarjöfnun milli skilakerfa í breytingum á 12. gr. Mikilvægt er að vanda til jöfnunarinnar þannig að tryggt sé að innflytjendur greiði raunkostnað við förgun í því skilakerfi sem þeir tilheyra.
- 4) FA telur ekki grundvöll fyrir því að framleiðendur og innflytjendur skrá sig sérstaklega og gefi upplýsingar til Umhverfisstofnunar, eins og lagt er til í 14. gr. Skilakerfin veita þessar upplýsingar við núverandi skipan og því óþarfi að gera meira skrifræði úr málinu. Stýrinefnd fær að auki allar upplýsingar um innflutning frá Tollstjóra og getur komið þeim til Umhverfisstofnunar ef þurfa þykir.
- 5) FA telur óeðlilegt að Umhverfisstofnun fái heimild til gjaldtöku gagnvart innflytjendum raf- og rafeindatækja (16.gr). Sú breyting sem frumvarpið gengur út á er til mikils hagræðis fyrir stofnunina og því vandséð að réttlætanlegt sé að innheimta gjald núna. Ennfremur er mjög mikilvægt að gætt sé jafnræðis milli allra atvinnugreina sem Umhverfisstofnun vinnur gagnvart.
- 6) Að öðru leyti vísar FA í og tekur undir ítarlega umsögn RR skila varðandi einstakar greinar frumvarpsins.

III. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda